



Umhverfis- og heilbrigðisráð Reykjavíkur

Borgartún 12-14
108 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. september 2019

Svör við tillögu fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um flokkunartunnur á almenningsvæðum í Reykjavík

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 26.mars 2019 var lögð fram svohljóðandi tillaga Tinnu Kjartansdóttur frá ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða: „Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela umhverfis- og skipulagssviði að setja upp flokkunartunnur á almenningsvæðum í Reykjavík og fjölga þeim á helstu svæðum borgarinnar fyrir árslok 2019.“

Verkefnið er hluti af aðgerðaáætlun í úrgangsmálum 2015-2020. Samþykkt var á árinu 2014 að koma fyrir flokkunarílátum á Skólavörðustíg. Reynsla af notkun þeirra íláta sýndi að þau hentuðu ekki fyrir þann fjölda notenda sem leið eiga um götuna. Keypt hafa verið þess í stað stærri flokkunarílát („Big Belly“) sem sett voru niður á Lækjartorgi til reynslu. Fleiri ílát þeirrar gerðar hafa nú verið keypt til notkunar í miðborginni. Ráðgert er að setja niður flokkunarílát við fjölfarna staði í borginni.

Virðingarfyllst

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

skrifstofa umhverfisgæða